

## 7. bekkur

Námsgrein: Leiklistarval.

Kennari: Guðný Kristjánsdóttir

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku.

### Menntagildi námsgreinar:

Allir geta eitthvað, enginn getur allt..... Allt getur gerst!

Leiklist er list augnabliksins.

Menntun í leiklist snýst um að þjálfar nemendur í ýmsum aðferðum listgreinarinnar. Nemendur fá tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Leiklist styður nemandann í tjáningu, mótun og miðlun hugmynda sinna og tilfinninga. Leiklist reynir á samvinnu, samskipti, sköpun, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu, allt í gegnum leik og sköpun. Með leikrænni tjáningu öðlast nemandinn sjálfsskilning og sjálfsmat sem auðveldar honum að yfirvinna tilfinningalegar og líkamlegar hömlur og þróa með sé sjálfstraust í daglegum samskiptum. Í leiklist og leikrænni tjáningu taka nemendur þátt í skipulagðri og markvissri samvinnu sem eflir félagsþroska.

Menntun í listum á að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni til að takast á við ófyrirséða framtíð á skapandi hátt, sjá ný mynstur og hugsa í lausnum, þroska persónulega tjáningu og smekk.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Leiklist.	Nemendur geti: <ul style="list-style-type: none"><li>• Unnið í hópi að fjölbreyttum verkefnum.</li><li>• Sýnt skólafélögum tillitssemi.</li><li>• Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt.</li><li>• Nem.geti tekið virkan þátt í leikrænu ferli með</li></ul>	Kennslan byggist á léttum leiklistaræfingum, hópeflisæfingum og spuna. Nemendur læra að setja sig í spor annarra og takast á við ímyndaðar aðstæður. Farið verður í túlkun, raddbeitingu, framkomu á sviði og notkun hljóðnema. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð sig fyrir framan hóp, tekið þátt í	Tekið er mið af hæfniviðmiðum.  -

	<p>hópnum/bekknum</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geta staðið upp og tjáð sig frjállega bæði um almenn málefni og eigin skoðanir.</li> <li>• Tekið þátt í spuna.</li> <li>• Notað búninga, leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.</li> <li>• Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi.</li> <li>• Farið að fyrirællum kennara.</li> </ul>	<p>stuttum leikverkefnum og kunni að vera áhorfandi.</p> <p>Nemendur fá að kynnast leikmunum og búningum.</p>	
<p><b>Kennslugögn:</b> Kennsluefni frá kennara.</p>			